


Stefnukort Garðasels

Í stefnukorti Garðasels birtast meginmarkmið og áherslur í stefnu leikskólans og taka þau mið af hlutverki hans og framtíðarsýn. Við val á markmiðum var leitast við að velja þau markmið sem mestu máli skipta fyrir stefnu skólans í nútíð og framtíð



Tenging stefnukorts og markmiða leikskólans

Þjónusta	
Ánægðir nemendur	<i>Að nemendum líði vel, þeir mæti glaðir í skólann og fari sáttir heim í lok dags</i>
Ánægðir foreldrar	<i>Að foreldrar treysti því að barn þeirra sé í traustu og öruggu umhverfi þar sem því er sýnd hlýja og virðing Að leikskólinn komi til móts við þarfir foreldra eins og kostur er og sýni sveigjanleika</i>
Nám við hæfi hvers og eins	<i>Að nemendur fái viðfangsefni sem hæfi þroska þeirra og getu</i>
Hollusta og þroskavænlegt umhverfi	<i>Að leggja áherslu á hollt mataræði og hreyfingu Að velja efnivið sem er skapandi og hvetur til lausnamiðaðs náms</i>
Fagleg ráðgjöf við foreldra og börn	<i>Að tryggja börnum og foreldrum faglega ráðgjöf þegar hennar er þörf</i>
Verklag	
Lifandi skólanámskrá	<i>Að sýnileg tengsl séu milli skólanámskrár, skipulags og starfshátta Að endurskoða og þróa námskrá skólans með reglubundnum hætti</i>
Fjölbreyttir starfshættir	<i>Að starfshættir séu fjölbreyttir og taki mið af ólíkum þörfum nemenda</i>
Skýrar og markvissar verklagsreglur	<i>Að verkferlar og viðbragðsáætlanir séu skýrar og starfsmönnum ljósar Að verkferlar séu skráðir og aðgengilegir starfsfólki og foreldrum</i>
Gott upplýsingaflæði	<i>Að tryggja að upplýsingar komist til þeirra er við á hverju sinni með því að nota fjölbreyttar aðferðir við upplýsingamiðlun</i>
Gott samstarf heimilis og skóla	<i>Að traust ríki milli foreldra og skóla og góð samvinna náist um málefni nemenda</i>
Mannauður	
Ánægðir starfsmenn	<i>Að starfsmenn séu ánægðir í starfi og líði vel í vinnunni</i>
Hæfir starfsmenn	<i>Að leita eftir menntuðu, hæfileikaríku og áhugasömu starfsfólki</i>
Starfsmenn taki þátt í mótun / stefnu starfs	<i>Að starfshópurinn komi að umræðum um skipulag og mótun starfs og allir fái að leggja sitt af mörkum</i>
Jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi	<i>Að taka undir nýjar / góðar hugmyndir með hvatningu og hrósi</i>
Markviss sí- og endurmenntun	<i>Að vinna símenntunaráætlun út frá stefnu skólans og mati á skólastarfi Að hvetja starfsfólk til endurmenntunar</i>
Fjármál	
Skýr forgangsröðun	<i>Að meta fjárförf einstakra liða í rekstri skólans út frá stefnu hans og forgangsraða þeim</i>
Góð nýting fjármuna	<i>Að skoða verð / kostnað hverju sinni og sýna hagkvæmni í innkaupum Að fara vel með það sem til er</i>